

Fjárhagsáætlun 2015 - 2019



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins
og SHS fasteignir ehf.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Helstu breytingar	6
Forsendur, verðlagsþróun.....	6
Forsendur, íbúapróun	6
Forsendur fjárhagsáætlunar SHS	6
Greiðslur eigenda 2015	8
Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	9
Tekjur samstæðu	9
Fjárfestingarsjóður	9
Fjárfestingar.....	9
Fjármögnun fjárfestinga 2016 - 2019	11
Dómsmál vegna lánasamninga	11
Fjárhagsáætlun SHS	12
Fjárhagsáætlun SHS 2015 - 2019	12
Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2015.....	13
Fjárhagsáætlun SHS fasteigna	16
Fjárhagsáætlun SHS-F 2015 - 2019	16
Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS-F 2015	17
Fjárhagsáætlun AHS	19
Fjárhagsáætlun AHS 2015 - 2019	19
SHS samstæða	21
Rekstrarreikningur.....	23
Efnahagsreikningur.....	24
Sjóðstreymi	26
SHS bs. (móðurfélag)	27
Rekstrarreikningur.....	29
Efnahagsreikningur.....	30
Sjóðstreymi	32
SHS fasteignir ehf.	33
Rekstrarreikningur.....	35
Efnahagsreikningur.....	36
Sjóðstreymi	38
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins	39
Rekstrarreikningur.....	41
Efnahagsreikningur.....	42

Stórum áfanga var náð þann 7. nóvember sl. þegar skrifað var undir nýjan samning milli Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um að SHS myndi sinna sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu næstu sex árin, eins og það og forverar þess hafa gert í um aldarbil. Óvissa hefur ríkt um framtíð SHS undanfarin misseri, en síðasti samningur rann út í árslok 2011. Bráðabirgðasamningur frá 1. júlí sl. átti að gilda út mars 2015, en nú mun nýi samningurinn taka við frá 1. janúar 2015.

Um leið og samningurinn var undirritaður var skrifað undir samkomulag um uppgjör ógreidds framlags ríkisins á samningslausa tímabilinu 1. janúar 2012 – 30. júní 2014. Á því tímabili greiddi ríkið mánaðarlegt framlag til sjúkraflutninga í samræmi við samninginn sem rann út 2011. Dómsmál hafði verið höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna vanskila ríkisins, en uppgjörssamkomulagið fól jafnframt í sér að mál það yrði látið niður falla.

Byggingu nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ er nú að mestu lokið. Þar sem samningar við ríkið um sjúkraflutningana hafa náðst verður hún stækkuð til að hýsa sjúkrabifreiðar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að starfsemi í hinni nýju stöð hefjist vorið 2015, þegar hún verður fullbúin til notkunar og þjálfun nýrra starfsmanna lokið. Er þá langþráðum áfanga náð, en undirbúningur að fjölgun slökkvistöðva hófst með ákvörðun stjórnar SHS þar að lútandi um mitt ár 2006, þar sem fyrir lá að ekki væri hægt að standa undir kröfum um viðbragðstíma í austustu byggðum þjónustusvæðisins. Af sömu sökum þarf að finna starfseminni í Tunguhálsi nýjan stað til að betur verði hægt að þjónusta efri byggðir í austurhluta Reykjavíkur og Kópavogs, þ.e. Breiðholt og hverfin á og við Vatnsendahæð.

Fjárfesta þarf í nýjum búnaði vegna hinnar nýju stöðvar. Jafnframt er þörf á stórátaki í endurnýjun bifreiðaflota liðsins þar sem of gamlar bifreiðar eru farnar að ógna öryggi og það því löngu tímabært. Meðalaldur dælubifreiða SHS er 21 ár og sú elsta í notkun er 32 ára.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á mönnun útkallsliðsins, sem m.a. miðar að því að fjölga mönnum í dagvinnu þar sem álagið er mest. Á þennan hátt er reynt að draga úr þeim kostnaði sem fylgir óhjákvæmilegri fjölgun starfsmanna vegna fjölgunar starfsstöðva og koma til móts við sveiflur í álagi.

Það er trú okkar að þessar breytingar muni ekki koma niður á hinni daglegu þjónustu SHS. Sá fyrirvari er gerður að þær hljóti samþykki Mannvirkjastofnunar, en samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar um gerð og innihald brunavarnaáætlunar, sem stofnunin þarf að samþykkja skv. 13. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, skal þar gerð grein fyrir mönnun og viðbúnaði slökkviliðsins í samræmi við skilgreint þjónustustig þess. Ný brunavarnaáætlun SHS verður lögð fyrir Mannvirkjastofnun á árinu 2015.

Stefnt er að því að SHS kaupi fasteignir dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. á næstu árum og að félögin sameinist aftur í eitt.

Rammaáætlun árána 2016 – 2019 er að þessu sinni birt samhliða fjárhagsáætlun ársins 2015.

Reykjavík, 21. nóvember 2014.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Helstu breytingar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum sem eiga sér stað hjá SHS samstæðunni, þ.e. SHS, SHS fasteignum og Almannafræðingafélagi SHS höfuðborgarsvæðisins, á árinu 2015 umfram breytingar samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar hvað varðar verðlags- og íbúapróun.

Ekki er gert ráð fyrir magnbreytingum á árunum 2016 – 2019 og eru áætlanir þeirra ára lagðar fram á föstu verðlagi.

Forsendur, verðlagsþróun

Verðlagsbreytingar eru teknar inn í áætlun 2015 samkvæmt venju. Gert er ráð fyrir 3,4% hækkun vísitölu neysluverðs og 6,1% hækkun á launavísitölu milli ára. Vísitölubreytingar eru áætlaðar í samræmi við fyrirmæli fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem byggð eru á þjóðhagsspá.

Forsendur, íbúapróun

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS bs. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2013 skiptingunni fyrir áætlun 2015. Áætlun 2014 er hins vegar gerð m.t.t. íbúafjölda 1. desember 2012. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2014 til áætlunar 2015 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar hlutfall		íbúar hlutfall		breytingar breytingar	
	2012	2012	2013	2013	íbúar	%
Hlutfallsleg skipting íbúafjölda						
Eigendur vegna slökkviliðs						
Reykjavík.....	119.632	58,29%	121.116	58,13%	1.484	-0,16%
Kópavogur.....	31.676	15,44%	32.303	15,50%	627	0,07%
Hafnarfjörður.....	26.763	13,04%	27.325	13,12%	562	0,07%
Garðabær.....	13.867	6,76%	14.137	6,79%	270	0,03%
Mosfellsbær.....	8.950	4,36%	9.084	4,36%	134	0,00%
Seltjarnarnes.....	4.332	2,11%	4.376	2,10%	44	-0,01%
	205.220	100,00%	208.341	100,00%	3.121	

Tafla 1. Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2012 til 1. desember 2013.

Forsendur fjárhagsáætlunar SHS

Auk ofangreindra forsenda liggja eftirfarandi atriði til grundvallar fjárhagsáætlun SHS samstæðunnar, m.a. til að mæta kröfu um hagræðingu.

- Gert er ráð fyrir því að nýta uppgjörsgreiðslu ríkisins vegna sjúkraflutninga, 420 m.kr., til þess að greiða niður langtímalán SHS fasteigna. Þannig eykst handbært fé samstæðunnar á næstu árum sem nemur afborgun og vöxtum og verður það fé nýtt til þess að auðvelda fjárfestingar.
- SHS bs. kaupir fasteignir af SHS fasteignum samkvæmt áætlun sem nær frá 2014 til ársloka 2016.
- Fjárfestingar fyrir 2015 eru skornar niður um 60 m.kr. frá stofnsamningi þar sem afhending nýrra slökkvibíreiða hefst ekki fyrr en á árinu 2016.

- Tekjur vegna sjúkraflutninga á tímabilinu 2015 – 2019 verða lægri en gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum. Til þess að það hafi ekki áhrif á framlag eigenda hafa gjöld verið skorin niður frá fyrri áætlunum, en jafnframt er áætlað að sjóðsstaða samstæðunnar geti nýst til þess að mæta lækkun tekna.
- Niðurskurður á rekstrargjöldum slökkviliðsins nemur um 215 m.kr. frá rammaáætlun fyrir árið 2015. Það er annars vegar framkvæmt með minni mönnun og breyttu vaktafyrirkomulagi og hins vegar með lægri rekstrarkostnaði samstæðunnar. Lögð verður þó áhersla á að þjónustan uppfylli skilyrði laga, reglugerða og kröfulýsingar sjúkraflutninga.
- Gripið verður til aðgerða til þess að minnka áhrif nýs kjarasamnings Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Samband íslenskra sveitarfélaga þrátt fyrir óhjákvæmilega fjölgun í útkallslíði með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar. Á árinu 2014 var gert ráð fyrir 5,6% hækkun launa í samræmi við áætlaða launavísitölu en hækkunir vegna kjarasamninga slökkviliðsmanna hafa skilað um 13% hækkun launa á árinu. Því hefur verið mætt með ýmsum aðgerðum, en hækkunin hefur óhjákvæmilega áhrif á áætlun 2015. Kjarasamningarnir eru lausir aftur 1. maí 2015. Þrátt fyrir þetta er einungis áætlað að hækka launaliðinn um 6,1% á árinu 2015, eða sem nemur áætlaðri launavísitöluhækkun fyrir árið.
- Einungis er reiknað með vísitöluhækkun á þá liði sem háðir eru verðtryggðum samningum við þriðja aðila en að öðru leyti er áætlað að skera niður útgjöld til þess að mæta verðlagsþróun.
- Gert er ráð fyrir magnbreytingum vegna nýju slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Áhrifa af nýju slökkvistöðinni gætir því bæði í starfsmannakostnaði sem og öðrum rekstrarkostnaði, s.s. vegna húsnæðis og búnaðar. Heildarkostnaðarauki slökkviliðsins á árinu 2015 vegna nýju slökkvistöðvarinnar er áætlaður um 60 þús. kr.

Greiðslur eigenda 2015

Tafla 2 sýnir áætlað framlag eigenda til SHS og AHS á árinu 2015, samanborið við áætlun ársins 2014. Nánari skýringar og sundurliðanir á rekstrarliðum og öðrum tekjum er að finna í umfjöllun um fjárhagsáætlanir SHS og AHS sem fylgja hér á eftir.

Sundurliðun á greiðslum sveitarfélaga í þ.kr.	áætlun	áætlun	breytingar	
	2014	2015	þ.kr.	%
Heild				
Rekstrartekjur SHS.....	1.330.941	1.388.500	57.559	4,3%
Rekstrartekjur AHS.....	6.565	6.818	252	3,8%
Alls:	1.337.506	1.395.318	57.811	4,3%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	779.693	811.148	31.455	4,0%
Slökkvilið (SHS).....	775.866	807.184	31.319	4,0%
Almannavarnir (AHS).....	3.827	3.963	136	3,6%
Kópavogur	206.446	216.342	9.896	4,8%
Slökkvilið (SHS).....	205.433	215.285	9.852	4,8%
Almannavarnir (AHS).....	1.013	1.057	44	4,3%
Hafnarfjörður	174.426	183.003	8.577	4,9%
Slökkvilið (SHS).....	173.570	182.109	8.539	4,9%
Almannavarnir (AHS).....	856	894	38	4,4%
Garðabær	90.377	94.679	4.302	4,8%
Slökkvilið (SHS).....	89.934	94.217	4.283	4,8%
Almannavarnir (AHS).....	444	463	19	4,3%
Mosfellsbær	58.331	60.838	2.507	4,3%
Slökkvilið (SHS).....	58.045	60.541	2.496	4,3%
Almannavarnir (AHS).....	286	297	11	3,8%
Seltjarnarnes	28.233	29.307	1.074	3,8%
Slökkvilið (SHS).....	28.095	29.164	1.069	3,8%
Almannavarnir (AHS).....	139	143	5	3,3%

Tafla 2. Greiðslur eigenda til SHS og AHS samkvæmt áætlunum fyrir árið 2015 samanborið við áætlunir 2014.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu

SHS samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS), Almannafræðingafélagið höfuðborgarsvæðisins (AHS) og dótturfélaginu SHS fasteignum ehf. (SHS-F). Í samstæðuáætlun eru milliviðskipti félaganna frádregin.

Tekjur samstæðu

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2015 eru 2.354 m.kr. 59,3% þeirra koma frá eigendum SHS í formi framlags til SHS og AHS. Hluttur ríkisins til reksturs sjúkraflutninga er 35,6%, leigutekjur SHS fasteigna nema 4,5% og sértekjur 0,6%.

Tafla 2 sýnir að heildarframlag eigenda á árinu 2015 til samstæðunnar hækkar um 4,3% frá árinu 2014, þrátt fyrir fjölgun slökkvistöðva úr þremur í fjórar og lægra framlagi til sjúkraflutninga en rammaáætlanir gerðu ráð fyrir. Það er vegna niðurskurðar á rekstrargjöldum SHS og framlagi eigenda.

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið. Reiknað framlag á árinu 2015 fyrir fjórar stöðvar er 112,4 m.kr. Áætlunin gerir ráð fyrir 52,4 m.kr. framlagi, eða niðurskurði um 60 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri samstæðunnar frá 2015 – 2019, sjá nánar bls. 23, en kostnaður við flutning á slökkvistöðinni við Tunguháls og kaup á bifreiðum gæti mögulega sett strik í reikninginn á tímabilinu.

Fjárfestingarsjóður

Stofnsamningur SHS gerir ráð fyrir að fjárfestingar slökkviliðsins séu fjármagnaðar með fjárfestingarsjóði sem eigendur greiða árlegt framlag í. Skal þannig séð til þess að eðlileg endurnýjun eigi sér stað á búnaði liðsins svo hann verði aldrei svo gamall eða úreltur að hann ógni öryggi starfsmanna sem nota hann eða þeirra íbúa sem þurfa á þjónustu slökkviliðsins að halda.

Verðgildi fjárfestingarsjóðs tekur breytingum í samræmi við breytingar á SDR. Reiknað framlag í fjárfestingarsjóð fyrir árið 2015 er 112,4 m.kr. miðað við gengi SDR þann 8. september 2014, sem var 177,39. Hækkun milli ára er 25,9 m.kr. þar sem framlagið tekur mið af fjölda slökkvistöðva, sem verða fjórar á árinu 2015 í stað þriggja áður. Áætlun ársins 2014 miðaðist við gengið 182,02 þann 19. ágúst 2013.

Í hagræðingarskygni og í samræmi við áætlun um bifreiðakaup, sjá kafla um fjárfestingar, hefur nú verið ákveðið að skera niður framlag eigenda í fjárfestingarsjóð um 60 m.kr. árið 2015.

Fjárfestingar

Fjárfestingu SHS-F vegna nýju slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut verður að mestu lokið á árinu 2015 og aðeins gert ráð fyrir 10 m.kr. árlegum fjárfestingarkostnaði vegna fasteigna á tímabilinu.

Á árinu 2015 mun SHS fjárfesta í búnaði fyrir nýju slökkvistöðina á Skarhólabraut. Jafnframt þarf að gera stóráttak í endurnýjun útkallstækja slökkviliðsins vegna aldurs þeirra. Fjárfesta þarf í fimm nýjum bifreiðum á komandi árum. Áætlað er að hefja vinnu við útboð sem fyrst, en áætlað er að um 14 til 18 mánuði taki frá útboði til afhendingar fyrstu bifreiðar. Gert er ráð fyrir að bifreiðarnar verði afhentar á tveimur til fjórum árum, sú fyrsta á árinu 2016. Bifreiðarnar eru greiddar við afhendingu.

Í fylgiskjali með stofnsamningi SHS er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun dælubifreiða í fyrstu línu þannig að engin þeirra sé eldri en 10 ára. Gert er ráð fyrir að körfubifreiðar í fyrstu línu séu einnig endurnýjaðar með reglubundnum hætti og

Þannig sé hvorug þeirra eldri en 13 ára. Sömuleiðis skulu gámabifreiðar ekki vera eldri en 10 ára.

Fyrstu línu bifreiðar eru forystubifreiðar, þ.e. þær sem fyrstar fara í útkall, en annarrar línu bifreiðar eru varabifreiðar. Einungis tvö af útkallstækjum SHS í fyrstu línu eru á viðunandi aldri, ein körfubifreið og ein gámabifreið. Árið 2015 verður meðalaldur dælubifreiða SHS í fyrstu línu orðinn 17 ár og allar dælubifreiðar eldri en stofnsamningur kveður á um, sjá töflu 3. Á meðan beðið verður fyrstu nýju bifreiðarinnar verður að nota 25 ára gamla forystubifreið á Skarhólabraut.

Aldur útkallstækja SHS 2015

tegund	hlutverk	árgerð	aldur	stofns. *	uppgerð	
						m.kr.
Dælubifreið	fyrsta lína	1990	25	10		14
Dælubifreið	fyrsta lína	1998	17	10		10
Dælubifreið	fyrsta lína	2002	13	10		16
Dælubifreið	fyrsta lína	2003	12	10		14
		meðalaldur	17		alls	54
Dælubifreið	varabifreið	1983	32			11
Dælubifreið	varabifreið	1985	30			8
		meðalaldur	31		alls	19
Körfubifreið	fyrsta lína	1999	16	13		
Körfubifreið	fyrsta lína	2005	10	13		
		meðalaldur	13			
Gámabifreið	fyrsta lína	2004	11	10		
Gámabifreið	fyrsta lína	2008	7	10		
		meðalaldur	9			

Meðalaldur allra útkallstækja SHS er 17,3 árið 2015

Kostnaður við uppgerð tækja frá hrúni er 73 m.kr.

*Aldur tækja í fyrstu línu samkvæmt stofnsamningi

Tafla 3. Aldur útkallstækja SHS 2015. Kostnaður við uppgerð einstakra bifreiða.

Vegna efnahagsþrenginga hefur fjárfestingum SHS í útkallstækjum verið frestað síðastliðin ár og hefur því engin endurnýjun átt sér stað. Í stað fjárfestinga í nýjum bifreiðum hefur fyrirbyggjandi viðhald verið aukið, þ.e. þær gerðar upp, en því fylgir einnig mikill kostnaður eins og sjá má í töflu 3, auk þess sem almennur rekstur bifreiðanna hefur aukist. Öryggi við notkun bifreiðanna eykst með fyrirbyggjandi viðhaldi, en þær eldast þrátt fyrir það og rekstraröryggi þeirra minnkar, viðhald eykst o.s.frv.

Eins og sést á töflu 3 hefur verið gripið til þess ráðs að gera upp dælubifreiðar í fyrstu línu fyrir um 40 m.kr. í stað þess að færa þær í aðra línu og fjárfesta í nýjum fyrstu línu bifreiðum, eins og stofnsamningur SHS gerir ráð fyrir. Sömuleiðis hafa aldarfjórðungsgamla bifreiðar verið gerðar upp til þess að vera í annarri línu. Þetta er hættuleg þróun og getur komið harkalega niður á öryggi starfsins og þeirra sem það vinna.

Heildarkostnaður við fyrirbyggjandi viðhald dælubifreiða SHS á árunum eftir hrún er 71,8 m.kr. Benda má á að þegar útkallstæki eldast mikið fæst lítið sem ekkert fyrir þau í endursölu, en ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir því að fá allt að 10% af kaupverði nýrrar dælubifreiðar fyrir 10 ára gamla bifreið.

Það er því forgangsverkefni að gera úrbætur á bifreiðaflota slökkviliðsins.

Fjármögnun fjárfestinga 2016 - 2019

Gert er ráð fyrir því að nýta uppgjörsgreiðslu ríkisins vegna sjúkraflutninga, 420 m.kr., til þess að greiða niður meginhluta langtímaláns SHS fasteigna. Þannig eykst sjóðstreymi samstæðunnar sem nemur afborgun og vöxtum, sem áætlað var að yrðu 46 m.kr. á árinu 2015. Áætlunin gerir ráð fyrir að sjóðir samstæðunnar mæti lægri tekjum en áður var reiknað með og þjóni fjárfestingum.

Æskilegt lágmark sjóðsstöðu SHS samstæðunnar er um 215 m.kr. Reiknað er með því að lágmarkssjóðsstöðu sé náð á árinu 2016 og þá verði ráðist í aðkallandi fjárfestingu eða jafnvel að greiða niður eftirstöðvar lánsins. Mikilvægt er þó að samstæðan eigi borð fyrir báru til þess að hægt sé að standa undir greiðslum fyrir nýjar slökkvibifreiðar þegar verða afhentar á næstu árum.

Dómsmál vegna lánasamninga

SHS hefur höfðað mál á hendur Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og Íslandsbanka hf. vegna ágreinings um lögmæti lánsamninga vegna lána sem tekin voru vegna bygginga SHS fasteigna. Ágreiningurinn snýst um hvort lánin hafi verið lán í íslenskum krónum, bundin ólögmætri erlendri gengistryggingu í skilningi 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eða erlend lán. Krafa SHS á hendur lánastofnananna vegna ofgreiddra lána nemur um 609 m.kr.

Falli dómur í þessum málum SHS í hag mun það styrkja stöðu samstæðunnar til að greiða fjárfestingu og lækka greiðslubyrði aðildarsveitarfélaganna enn frekar.

Fjárhagsáætlun SHS

Fjárhagsáætlunin tekur mið af ábyrgð sveitarstjórna og skyldum slökkviliðsstjóra samkvæmt lögum um brunavarnir, stofnsamningi SHS og brunavarnaáætlun, en jafnframt af samningi við ríkið um rekstur sjúkraflutninga og kröfulýsingu þar um, sem og forsendur fjárhagsáætlunar.

Áætlunin byggir á áætlun og útkomuspá fyrir árið 2014 og hagræðingarkröfu.

Einungis er reiknuð 3,4% hækkun neysluverðsvisítölu á samninga við þriðja aðila, enda verður verðlagsþróun mætt með niðurskurði þar sem það er mögulegt. Einnig er um magnbreytingar að ræða vegna fjölgunar starfsstöðva úr þremur í fjórar.

Fjárhagsáætlun SHS 2015 - 2019

Áætlaðar rekstrartekjur SHS 2015 eru 2.262 m.kr. Hækkun rekstrartekna milli ára er 216,1 m.kr., þ.e. 57,6 m.kr. hækkun á framlagi eigenda, 167 m.kr. hækkun á framlagi ríkis vegna sjúkraflutninga en 8,5 m.kr. lækkun sértekna.

Áætluð rekstrargjöld SHS 2015 eru 2.235 m.kr., en hækkun rekstrargjalda á milli ára er 171,1 m.kr. Laun og launatengd gjöld nema um 80% af rekstrargjöldum liðsins og húsnæðiskostnaður tæpum 9%. Aðrir liðir vega minna í rekstrinum.

Gert er ráð fyrir 27,2 m.kr. hagnaði af rekstri SHS fyrir afskriftir og fjármagnsliði á árinu 2015.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir að tekjur ársins verði 2.046 m.kr. eða 104,2 m.kr. lægri en áætlað var þar sem framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga verður lægra en í áætlun ársins 2014. Útkomuspá gerir ráð fyrir að gjöld verði 2.064 m.kr. sem er í takt við áætlun 2014. Reiknað er því með 17,8 m.kr. tapi á rekstri SHS 2014 fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Fjárhagsáætlun SHS	áætlun	útkomuspá	áætlun	breytingar
í þús. kr.	2014	2014	2015	þús. kr.
Rekstrartekjur				
1. Framlag eigenda.....	1.330.941	1.330.941	1.388.500	57.559
2. Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	786.113	670.000	837.000	167.000
3. Sértekjur.....	33.312	45.183	36.707	(8.476)
Rekstrartekjur alls:	2.150.366	2.046.124	2.262.207	216.083
Rekstrargjöld				
4. Laun og launatengd gjöld.....	1.693.789	1.693.789	1.797.000	103.211
Önnur rekstrargjöld				
5. Menntun og verkefni.....	63.147	63.147	68.000	4.853
6. Viðhald og rekstur tækja og bifreiða.....	60.377	60.377	64.000	3.623
7. Húsnæðiskostnaður.....	142.405	142.466	194.000	51.534
8. Sameiginlegur kostnaður.....	104.115	104.115	112.000	7.885
	370.044	370.105	438.000	67.895
Rekstrargjöld alls:	2.063.833	2.063.894	2.235.000	171.106
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir	86.533	(17.770)	27.207	44.977

Tafla 4. Samanburður á rekstrartekjum og -gjöldum og framlagi í fjárfestingarsjóð á áætlun 2014, útkomuspá 2014 og áætlun 2015. Breytingar frá útkomuspá 2014.

Áætlun 2016 - 2019

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstraráætlun SHS frá 2016 – 2019, sjá nánar bls. 29. Þó er gerður fyrirvari vegna flutninga slökkvistöðvarinnar í Tunguhálsi og greiðslna fyrir nýjar slökkvibífreidar, sem gæti kallað á auknið framlag eigna.

Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS 2015

1. Eigendur vegna slökkviliðs

Framlag aðildarsveitarfélaga til reksturs og fjárfestinga slökkviliðsins hækkar um 57,6 m.kr. frá áætlun og útkomuspá ársins 2014, sem er 4,3% hækkun.

Fjárhagsáætlun SHS	áætlun	áætlun	breytingar
í þús. kr.	2014	2015	þús. kr.
Rekstrartekjur			
1. Framlag eigna.....	1.330.941	1.388.500	57.559
Reykjavík.....	775.866	807.184	31.319
Kópavogur.....	205.433	215.285	9.852
Hafnarfjörður.....	173.570	182.109	8.539
Garðabær.....	89.934	94.217	4.283
Mosfellsbær.....	58.045	60.541	2.496
Seltjarnarnes.....	28.095	29.164	1.069

Tafla 5. Hækkun framlags sveitarfélaga frá áætlun 2014 til 2015.

2. Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga

Framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga hækkar um 167 m.kr. á árinu 2015 frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2014 skv. útkomuspá, en hún tekur annars vegar mið af bráðabirgðasamningi þeim sem átti að gilda frá 1. júlí 2014 til 1. apríl 2015 en gildir nú út árið 2014, en hins vegar fyrirliggjandi samkomulagi SHS og SÍ um uppgjör vegna samningslausa tímabilsins 1. janúar 2012 til 30. júní 2014. Áætlun ársins 2015 gengur út frá nýjum sex ára samningi SHS og SÍ sem gildir frá 1. janúar 2015.

Áætlun 2016 – 2019. Gert er ráð fyrir að nýr samningur um sjúkraflutninga skili 837 m.kr. á ári miðað við vísitölur launa og neysluverðs í janúar 2015. Hann mun taka verðlagsbreytingum tvisvar á ári, fyrst þann 1. janúar 2016. Samningurinn er einnig háður magnbreytingum að hluta til, bæði íbúafjölda á þjónustusvæðinu og fjölda sjúkraflutninga. Þær forsendur liggja ekki fyrir og því er áætlun óbreytt út tímabilið.

Útkomuspá ársins 2014. Við vinnslu áætlunar fyrir árið 2014 var gengið út frá því samkomulagi og samþykkt samnings SHS og velferðarráðuneytisins frá febrúar 2013 yrði virt. Því var gert ráð fyrir 786,1 m.kr. greiðslu frá ríkissjóði vegna reksturs sjúkraflutninga 2014. Sá samningur var aldrei staðfestur með undirritun ráðherra og nú er niðurstaða ársins, 670 m.kr., áætluð út frá bráðabirgðasamningi sem gildir frá 1. júlí og út árið og samkomulagi um uppgjör vegna fyrri hluta ársins. Er það 116,1 m.kr. lakari niðurstaða en búist var við.

3. Sértekjur

Gert er ráð fyrir 8,5 m.kr. lækkun sértekna milli ára. Sértekjur eru áætlaðar 36,7 m.kr. fyrir árið 2015. Sértekjur skapast aðallega vegna lögbundinna vakta og þvingunarúrræða slökkviliðsstjóra og fylgja þeim því oftast einnig útgjöld.

Útkomuspá ársins 2014 sýnir nokkuð hærri niðurstöðu í árslok en áætlað var vegna fjölda sérverkefna, aukinna tekna af öryggis- og lokaúttektum og sértekna vegna hönnunar á eftirlitskerfinu Verði. Það skýrir lækkun sértekna milli ára.

4. Laun og launatengd gjöld

Hækkun á launum og launatengdum gjöldum nemur 103,4 m.kr. frá árinu 2014 til ársins 2015, eða 6,1%. Hækkunin er í samræmi við áætlaða hækkun launavísitölu. Fjölgun starfsstöðva úr þremur í fjórar leiðir þó af sér fjölgun starfsmanna og gerði rammaáætlun fyrir árið 2015 ráð fyrir um 306 m.kr. hækkun milli ára vegna þess, sem og vegna launaþróunar. Niðurskurður á launalið nemur því um 203 m.kr. Áætlunin gerir hins vegar ráð fyrir að koma til móts við þann kostnað með breyttu vaktafyrirkomulagi. Slíkt þarf að staðfesta af Mannvirkjastofnun með samþykki hennar á brunavarnaáætlun skv. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, en ný brunavarnaáætlun verður lögð fyrir Mannvirkjastofnun á árinu 2015.

Þar sem kjarasamningar eru lausir aftur þann 1. maí 2015 ríkir nokkur óvissa um þennan lið.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir því að laun og launatengd gjöld verði samkvæmt áætlun. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 var gert ráð fyrir 5,6% hækkun á launalið vegna áætlaðra verðlagsbreytinga. Launasamningar slökkviliðsmanna við Samband íslenskra sveitarfélaga skila hins vegar rúmlega 13% hækkun milli ára.

Þessari hækkun hefur verið mætt og er verið að mæta á ýmsan hátt. Hætt var við nýráðningar vegna slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut, en þjálfun nýrra starfsmanna átti að hefjast á þessu ári. Sömuleiðis hafa ekki verið ráðnir nýir starfsmenn í stað varðliðsmanna sem hafa hætt. Sumarstarfsmenn voru teknir inn í stað þess að manna sumarfrí með yfirvinnu. Síðast en ekki síst hefur verið gripið til þess að gera dagmönnum virkari og fækka á vöktum til þess að minnka álagið og draga úr kostnaði. Það hefur gefið góða raun og er nú gert ráð fyrir að halda þeirri stefnu til þess að minnka áhrif kjarasamninganna og óhjákvæmilegrar fjölgunar starfsmanna á næsta ári.

5. Menntun og verkefni

Hækkun á menntun og verkefnum nemur um 4,9 m.kr. frá árinu 2014 sem skýrist af fjölgun starfsmanna. Undir þennan lið falla námskeiðs- og skólagjöld, þjálfunarkostnaður, matarkostnaður og ýmis annar starfsmannatengdur kostnaður.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir að kostnaður vegna menntunar og verkefna verði í samræmi við áætlun.

6. Viðhald og rekstur tækja og bifreiða

Gert er ráð fyrir um 3,6 m.kr. hækkun á þessum lið, sem skýrist af fjölgun stöðva og starfsmanna og verðlagshækkun á samningsbundnum kostnaði.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir að viðhald og rekstur tækja og bifreiða verði samkvæmt áætlun 2014.

7. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkar um 36,17% eða 51,5 m.kr. á milli ára. Skýringin liggur í nýju stöðinni við Skarhólabraut en jafnframt er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum vegna samninga við þriðja aðila. Húsaleiga er langstærsti hluti þessa liðar.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir að húsnæðiskostnaður verði samkvæmt áætlun.

8. Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður hækki um 7,9 m.kr. Fjölgun stöðva og starfsmanna hefur talsverð áhrif á þennan lið. Undir hann falla kostnaðarliðir eins og vinnufatnaður, starfsmannatryggingar, heilbrigðiskostnaður, innan-stokksmunir, tölvubúnaður o.fl. Eitthvað er um verðtryggðan samningsbundinn kostnað á þessum lið, s.s. vegna þjónustu Neyðarlínu og trúnaðarlæknis.

Útkomuspá ársins 2014 gerir ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður samkvæmt áætlun ársins.

10. Rekstrargjöld alls

Laun og launatengd gjöld nema um 80% af rekstrargjöldum liðsins og húsnæðiskostnaður tæpum 9%. Aðrir liðir vega minna í rekstrinum. Áætluð rekstrargjöld alls eru 2.235 m.kr. fyrir afskriftir og fjármagnsliði sem er 171,1 m.kr. hækkun frá útkomuspá ársins 2014.

Útkomuspá ársins 2014 áætla að rekstrargjöld verði 2.064 m.kr. sem er í samræmi við áætlun.

Fjárhagsáætlun SHS fasteigna

SHS fasteignir ehf. (SHS-F) er dótturfélag SHS í 100% eigu þess. SHS-F á og leigir út húseignirnar Skógarhlíð 14 og Tunguháls 13 í Reykjavík, Skútahraun 6 í Hafnarfirði og Skarhólabraut 1 í Mosfellsbæ. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins leigir húseignirnar að stærstum hluta en aðrir leigjendur í Skógarhlíð eru Neyðarlínan hf., Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan og Slysavarnafélagið Landsbjörg. Samkvæmt ákvörðun stjórnar SHS stendur til að flytja úr slökkvistöðinni á Tunguhálsi í nýja stöð, sem er betur staðsett á þjónustusvæðinu. Einhver stofnkostnaður mun falla til á starfsárinu vegna þess ef áform ganga eftir.

Félagið er tekið með SHS og AHS í samstæðuáætlun að frádregnum milliviðskiptum.

Fjárhagsáætlun SHS-F 2015 - 2019

Gert er ráð fyrir að hagnaður eftir skatta á árinu 2015 verði 40 m.kr. hærrí en á árinu 2014, sjá töflu 6. Ástæða þess er fyrst og fremst auknar tekjur af leigu nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut, sem og lægri vaxtakostnaður.

Frekari skýringar á einstökum rekstrarliðum í áætlun SHS-F 2015 fylgja hér á eftir.

Fjárhagsáætlun SHS fasteigna	áætlun	útkomuspá	áætlun	breyting
í þ.kr.	2014	2014	2015	þús. kr.
Rekstrartekjur				
1. Húsaleigutekjur.....	205.890	204.037	249.603	45.566
2. Aðrar rekstrartekjur.....	2.617	3.231	2.577	(654)
Rekstrartekjur alls:	208.507	207.268	252.179	44.912
Rekstrargjöld				
3. Húsnæðiskostnaður.....	48.635	49.020	60.454	11.434
4. Annar rekstrarkostnaður.....	25.221	25.221	28.875	3.654
Rekstrargjöld alls:	73.856	74.241	89.329	15.088
5. Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir:	134.651	133.026	162.850	29.824
6. Afskriftir.....	31.697	36.195	43.841	7.646
Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir:	102.954	96.831	119.009	22.178
7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(53.653)	(51.689)	(23.823)	27.866
Hagnaður (tap) af regl. starf. fyrir skatta:	49.301	45.142	95.186	50.044
8. Tekjuskattur.....	(9.860)	(9.029)	(19.037)	(10.008)
9. Hagnaður (tap) af regl. starf. eftir skatta:	39.441	36.113	76.149	40.036

Tafla 6. Samanburður áætlunar og útkomuspár 2014 og áætlunar 2015. Breytingar frá útkomuspá.

Áætlun 2016 – 2019

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstrartekjum eða –gjöldum SHS-F á árunum 2016 – 2019, sjá nánar bls. 35, nema til komi kostnaður vegna flutnings slökkvistöðvarinnar í Tunguhálsi á tímabilinu eða breyting á rekstrarformi.

Sundurliðun fjárhagsáætlunar SHS-F 2015

1. Húsaleigutekjur

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur SHS-F hækki um 45,6 m.kr., eða um 22,3%, frá árinu 2014 vegna áætlaðra verðlagsbreytinga og nýju slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut, en leigutekjur vegna hennar verða innheimtar frá og með árinu 2015.

Áætlun 2016 – 2019. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á tímabilinu en þó er rétt að benda á að leigusamningarnir renna flestir út árið 2018.

